**Viðtakandi**: Stafrænt ráð
**Sendandi**: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs
**Fylgiskjöl:**
Heimildarbeiðni
Kynning sem fór fyrir verkefnaráð
Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (13.6.2025)
Verkefnaráðsfundur: 5.6.2025

**Þrjú ný verkefni innan Minna síðna**

---

**Samantekt:**
Þrjú verkefni er tilheyra Mínum síðum: Samþættingarverkefni, Formasmiður sem vara og Hreyfingaryfirlit einstaklinga og fyrirtækja. Þau snúa öll að aukinni sjálfsafgreiðslu, rekjanleika, styttingu málsmeðferðartíma og betri þjónustu við borgarbúa. Með þessu er lagður grunnur að sjálfbærari og skilvirkari þjónustu Reykjavíkurborgar í takt við væntingar og þarfir nútímaborgara.

**Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun:** 15,1 m.kr.
**Áætluð tímalengd verkefna:** 7 mán

**Skor í Fylki frá verkefnaráði ÞON:** 4,33

<u>Ábati 33%: 5,0</u>
Mikill mælanlegur og ómælanlegur ábati felst í verkefnunum bæði fyrir starfsfólk og starfsemi Reykjavíkur og fyrir íbúa.

<u>Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 4,0</u>
Dæmi: Verkefnið einfaldar ferli, tryggir sjálfvirkni og yfirsýn. Mikill stuðningur og einföldun rekstarumhverfis.

<u>Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 4,0</u>
Hefur mjög jákvæð áhrif á stóran hóp íbúa Reykjavíkurborgar.

<u>Lagalegar kröfur – Já</u>
Lagalegar kröfur eru til staðar er varðar upplýsingaskyldu til íbúa, aukið gagnsæi og aðgengileiki upplýsinga fyrir þjónustunotendur.

Virðingarfyllst,
Verkefnaráð
*Þjónustu og nýsköpunarsvið*

Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2025
ÞON25050003

***Efni: Heimild til að hefja þrjú ný verkefni innan Minna síðna***

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja þrjú verkefni innan Minna síðna: „Samþættingarverkefni", „Formasmiður sem vara" og „Hreyfingaryfirlit einstaklinga og fyrirtækja".

Til að bæta málsmeðferð og rekjanleika verður unnið að samþættingu rafrænna forma á Mínum síðum Reykjavíkurborgar við úrvinnslukerfi borgarinnar. Í dag skila 41 form sér í pósthólf sviða og krefjast handvirkrar vinnslu, sem dregur úr skilvirkni og rekjanleika. Fjórar samþættingar eru á dagskrá: við HERU (5 form), Hlöðuna (9 form), Jira (10 form) og Gagnalandslagið, sem tryggir einkvæm auðkenni. Ávinningurinn felst í aukinni sjálfvirkni, styttri afgreiðslutíma, betri upplýsingagjöf til íbúa og áætluðum tímasparnaði sem nemur 331 vinnustundum á ári.

Formasmiður gegnir mikilvægu hlutverki en um er að ræða sérsmíðað verkfæri sem notað er til að smíða einföld rafræn eyðublöð á Mínum síðum án þess að krafist sé forritunar. Þrátt fyrir einfaldleika í notkun eru það enn eingöngu sérhæfðir starfsmenn hugbúnaðarteyma sem sjá um uppsetningu formanna. Verkfærið hefur þó verulegt notagildi og möguleika til að verða víðtækari lausn innan borgarkerfisins, þar sem aðrir starfsmannahópar gætu tekið virkan þátt í þróun og viðhaldi eigin rafrænna ferla. Jafnframt er mikilvægt að greina möguleg samlegðaráhrif milli Formasmiðsins og samstarfs við Ísland.is.

Í dag þurfa þjónustuþegar Reykjavíkurborgar að óska eftir hreyfingaryfirlitum með því að hafa samband í gegnum tölvupóst, síma eða með því að mæta á staðinn. Slíkar beiðnir eru um 200 á ári og eru þær allar unnar handvirkt af starfsmönnum innheimtu hjá fjármála- og áhættustýringarsviði. Slíkt felur í sér verulegt álag og dregur úr möguleikum starfsmanna til að sinna flóknari og verðmætari verkefnum.

Verkefnin eru með fjármögnuð á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður, og tilheyra verkefnaklasa 80014 Vöruþróun og stafvæðing ferla. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá júní til og með ágúst 2025 og er heildarkostnaður fyrir öll þrjú verkefnin skv. frumkostnaðaráætlun 15,1 m.kr. sem tilheyra eignarsjóði á framkvæmdartíma. Af heildarkostnaði eru áætlað að 11,2 m.kr. verði aðkeypt sérfræðiþjónusta sem tilheyrir verktakasamningum á vegum skrifstofu upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar, sem annast samningagerð og umsýslu. Ekki kemur til aukningar á rekstrarkostnaði vegna verkefnisins.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2025
ÞON25050003

*Greinargerð:*

**Samþættingarverkefni á Mínum síðum**
Á Mínum síðum Reykjavíkurborgar er nú 41 rafrænt form sem skilar sér í pósthólf viðkomandi sviða. Þetta kallar á handvirka og tímafreka skráningu mála yfir í úrvinnslukerfi sem hægir á málsmeðferð og kemur í veg fyrir að þjónustuþegar geti fylgst með stöðu mála sinna í rafrænu umhverfi. Sama form getur í dag verið skráð í mörg kerfi án einkvæms auðkennis, sem leiðir til margskráninga, bjagar gagnaöflun og skerðir rekjanleika.

Til að mæta þessum áskorunum verður ráðist í fjórar samþættingar sem miða að því að tengja rafræn form beint við viðeigandi úrvinnslukerfi borgarinnar. Fyrst verður komið á tengingu við HERU, nýtt úrvinnslukerfi Heilbrigðiseftirlitsins, þar sem fimm form verða samþætt. Áfram verður unnið með samþættingu við Hlöðuna, þar sem níu form frá umhverfis- og skipulagssviði verða tengd, og við Jira, þar sem tíu form verða felld inn í verklagsferla sviða. Einnig verður ráðist í samþættingu við Gagnalandslagið, sem tryggir að öll form fá einkvæm auðkenni en það er nauðsynleg forsenda fyrir öruggri gagnagrunnsmiðlun, réttri skráningu og greiningarhæfum gögnum.

Ávinningur af verkefnunum er margþættur. Samþættingarnar draga úr tvíverknaði, hraða afgreiðslu mála og bæta upplýsingar til íbúa um stöðu umsókna sinna. Þær styðja við aukna sjálfsafgreiðslu þjónustuþega og draga þar með úr álagi á þjónustuver. Tímasparnaður í úrvinnslu mála er áætlaður 331 vinnustundir á ári, sem samsvarar um 1,5 mánaðar vinnu fyrir eitt starfsgildi.

Heildarkostnaður samþættingarverkefna er 6,6 m.kr. og áætlaður framkvæmdatími er júní – ágúst 2025.

**Formasmiður sem vara**
Formasmiður er sérsmíðað verkfæri sem notað er til að smíða rafræn eyðublöð á Mínar síður á einfaldan og skilvirkan hátt. Verkfærið var upphaflega þróað til að yfirfæra einföld form af Rafrænni Reykjavík yfir á Mínar síður og hefur einnig verið notað til að setja upp 30 ný rafræn form á Mínum síðum. Þrátt fyrir að verkfærið feli ekki í sér hefðbundna forritun, eru það í dag einungis tveir starfsmenn í hugbúnaðarþróun sem annast uppsetningu formanna. Þetta felur í sér að forritarar sinna jafnframt efnisvinnu og textagerð, sem gæti með aukinni sjálfsafgreiðslu verið unnin af öðrum starfsmannahópum. Formasmiðurinn býr yfir ákveðnum hnökrum sem ekki hefur verið forgangsraðað að laga vegna annarra verkefna. Með markvissri greiningu og endurbótum er tækifæri til að gera verkfærið aðgengilegra og sjálfbærara, með það að markmiði að auka notkun þess meðal fleiri notendahópa innan Reykjavíkurborgar.

Verkefnið skiptist í tvo meginhluta. Annars vegar verður gerð greining á framtíð og þróunarmöguleikum Formasmiðsins með áherslu á að greina markhópa og meta hvort verkfærið geti nýst víðar innan borgarkerfisins, t.d. fyrir uppsetningu og efnisgerð á rafrænum formum á öðrum sviðum. Í þeirri greiningu verður einnig lagt mat á samlegðaráhrif og mögulegt samstarf við Ísland.is, auk samanburðar við sambærileg verkfæri á markaði. Hins vegar verða útfærðar nauðsynlegar endurbætur á verkfærinu með það að markmiði að bæta notendaupplifun og auka sjálfstæða notkun starfsfólks utan hugbúnaðarteyma. Þannig getur forritunarteymið einbeitt sér að flóknari og verðmætari þróunarverkefnum.

Áætlaður ábati af verkefninu er verulegur. Beinn tímasparnaður vegna skilvirkari uppsetningar og víðtækari notkunar verkfærisins nemur um 518 vinnustundum á ári, sem samsvarar rúmlega fjögurra mánaða vinnu fyrir eitt starfsgildi. Ef greining leiðir til þess að Formasmiður verði innleiddur á fleiri sviðum borgarinnar, má enn frekar búast við aukinni sjálfsafgreiðslu,

styttri viðbragðstíma við textagerð og efnisvinnu, minna álagi á þjónustuver og aukinni starfsánægju. Þetta styður við skilvirkari stjórnsýslu og bætir upplifun borgarbúa af stafrænni þjónustu.

Heildarkostnaður fyrir Formasmið er 6 m.kr., sem skiptist í 650 þús.kr. fyrir greiningarvinnu og 5,35 m.kr. í endurbætur. Áætlaður framkvæmdatími er júní – júlí 2025.

**Hreyfingaryfirlit einstaklinga og fyrirtækja**
Í dag þurfa þjónustuþegar að óska eftir hreyfingaryfirlitum frá Reykjavíkurborg með því að senda tölvupóst, hringja eða mæta í eigin persónu. Um er að ræða um 200 slík yfirlit árlega sem eru að öllu leyti unnin handvirkt af starfsmönnum innheimtudeildar fjármála- og áhættustýringarsviðs. Ferlið er tímafrekt og krefst að meðaltali 1.702 vinnustunda á ári, sem jafngildir einu starfsgildi.

Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi að hreyfingaryfirlitum fyrir einstaklinga, rekstraraðila og aðra sem greiða fyrir þjónustu Reykjavíkurborgar. Gert er ráð fyrir að yfirlitin verði aðgengileg á einfaldan hátt á Mínum síðum, þar sem notandi getur valið tímabil og fengið yfirlit yfir greiðsluhreyfingar. Upplýsingarnar verða sóttar beint úr fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar og birtar í niðurhalanlegu Excel-skjali. Hreyfingayfirlitið gegnir jafnframt lykilhlutverki í tengslum við innleiðingu korta- og boðgreiðslna á Mínum síðum. Með aðgangi að yfirliti geta notendur séð allar greiðslur sem þeir hafa innt af hendi og fylgst með stöðu mála í rauntíma, sem styður við gagnsæi, sjálfsafgreiðslu og bætta notendaupplifun.

Heildarkostnaður fyrir útfærslu á hreyfingaryfirliti fyrir einstaklinga og fyrirtækja er 2,5 m.kr. og áætlaður framkvæmdatími er í júní – júlí 2025.

**Samantekt**
Jafnréttisskimun fyrir Mínar síður liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Verkefnin sem hér eru lögð fram eru mikilvægur hluti af stafrænni vegferð Reykjavíkurborgar og stuðla öll að aukinni sjálfsafgreiðslu, bættum rekjanleika, styttri málsmeðferðartíma og betri þjónustu við borgarbúa. Með innleiðingu þeirra er lagður traustur grunnur að skilvirkari og sjálfbærari þjónustu í samræmi við væntingar og þarfir nútímalegrar borgarþjónustu.

Áætlaður heildarkostnaður samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 15,1 m.kr.

Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður. Verkefnaklasi: 80014 Vöruþróun og stafvæðing ferla.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir

Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu- og umbreytina

Reykjavík

# Þrjú ný verkefni innan Minna síðna

**Eigendur:** Arna Ýr Sævarsdóttir,
Skrifstofustjóri þjónustu- og umbreytinga, ÞON
og Bjarki Rafn Eiríksson,
Skrifstofustjóri fjárstýringar og innheimtu, FAS

## Staðan í dag

- Ennþá 41 rafræn form á Mínum síðum sem berast í pósthólf á viðkomandi svið
- Handvirk og tímafrek skráning mála úr pósthólfi yfir í úrvinnslukerfi
- Engin leið að birta þjónustuþegum stöðu máls ef form berst í pósthólf
- Sama formið getur verið skráð í mörg tölvukerfi og eru formin margtalin sem bjagar greiningu
- Formasmiður er sérsmíðað verkfæri sem var notað til að yfirfæra öll einföld form af Rafrænni Reykjavík og hefur verið notað til að smíða 30 ný form sem ekki voru á Rafrænni Reykjavík
- Í dag eru aðeins starfsmenn í hugbúnaðarþróun sem sjá um uppsetningu og efnisvinnu forma, sem ekki krefst forritunar
- Þjónustuþegar þurfa óska eftir hreyfingaryfirlitum frá borginni í gegnum tölvupóst, símtöl og heimsóknir
- Um er að ræða 200 hreyfingaryfirlit á ári sem sinnt eru af innheimtu FAS

## Markmið

- Útfæra tengingu við nýtt kerfi Heilbrigðiseftirlitsins, HERU, fyrir 5 form
- Áframhaldandi samþætting við Hlöðuna fyrir 9 form
- Áframhaldandi samþætting við Jira fyrir 10 form
- Samþætting við Gagnalandslagið þar sem öll form fá einkvæm auðkenni til að geta rekið uppruna þeirra og komið í veg fyrir margskráningar
- Gera greiningu á framtíð og tækifærum formasmiðs, finna markhópa og meta notkun á sviðunum
- Greina möguleg samlegðaráhrif milli formasmiðs og samstarfs við island.is
- Útfæra nauðsynlegar endurbætur á formasmið svo að notkun á tólinu verði skilvirkari og notendavænni
- Hanna og útfæra nýja síðu fyrir fjárhagsupplýsingar notenda á Mínum síðum, þar sem hreyfingaryfirlit verða aðgengileg á skýran og notendavænan. Bæði einstaklingar og fyrirtæki geta hlaðið niður excel skjali með yfirliti yfir allar fjárhreyfingar frá borginni

## Áskorun

- Tæknilegar flækjur við samþættingar við önnur kerfi
- Tenging við Agresso og að gögnin séu ekki skýr
- Sumarfrí á framkvæmdatími, samskipti við ytri aðila ganga hægt

## Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Tímasparnaður forritara við uppsetningu og efnisgerð forma upp á 518 klst á ári
- Aukin vinnsluhraði mála og tímasparnaður upp á 331 klst á ári
- Tímasparnaður starfsfólks í innheimtuteymi FAS áætlaður 1702 klst á ári sem samsvarar hagræðingu upp á 18 m.kr.
- Heildarsparnaður fyrir öll verkefni er áætlaður 26,2 m.kr. á ári
- Aukin sjálfsafgreiðsla á sviðunum
- Rekjanleiki mála
- Sjálfbær og skilvirkari þjónusta fyrir borgarbúa

## Tímalína

12 vikur, júní – ágúst 2025

## Kostnaður

Heildarkostnaður 15,1 m. kr. sem tilheyra Eignasjóði á framkvæmdatíma

**Vörustjóri:** Dagrún Ósk Jónasdóttir
**Verkefnateymi:** Hugbúnaðarteymi Minna síðna
**Stafrænn leiðtogi:** Búi Bjarmar Aðalsteinsson

# Mínar síður - Samþættingarverkefni

Eigandi: Arna Ýr Sævarsdóttir

Stafrænn leiðtogi: Búi Bjarmar Aðalsteinsson

Vörustjóri: Dagrún Ósk Jónasdóttir



# Í hnotskurn

- Verkefnið mun draga úr tvískráningum og auka vinnsluhraða mála sem berast í gegnum Mínar síður.
- 41 ferli sem enda í pósthólfi þar sem við tekur tímafrek skráning mála sem auðvelt er að einfalda með samþættingu.
- Verkefnið er forsenda þess að erindagreina mál sem berast í gegnum MS.



# Ákvörðun verkefnaráðs



- Óska eftir fjármögnun uppá 6,6 millj. kr. fyrir þróunarteymi til þess að vinna að samþættingarverkefnum á Mínum síðum





# Áskorun

Stutt lýsing á þeirri áskorun sem verkefninu er ætlað að leysa

## Núverandi staða

- 41 form á Mínum síðum sem sendast í pósthólf á sviðin
- Engin leið er að birta notendum stöðu máls ef form sendast í pósthólf
- Sama formið/umsóknin getur verið skráð í mörgum tölvukerfum sem veldur því að þær eru margtaldar sem bjagar greiningu

## Lausn

- Útfæra samþættingu við HERU, nýtt kerfi Heilbrigðiseftirlitsins og tengja 5 form þangað inn
- Áframhaldandi samþætting við Hlöðuna, 9 form á dagskrá
- Samþætting við Gagnalandslagið þar sem öll form/umsóknir fá einkvæm auðkenni til að geta rekið uppruna þeirra og til að koma í veg fyrir margskráningar
- Áframhaldandi samþætting við Jira fyrir 10 form

## Ábati

- Tímasparnaður starfsfólks uppá rúmlega 331 klst á ári
- Sjálfsafgreiðsla þjónustuþega þar sem hægt er að birta stöður fyrir 24 form
- Betri upplýsingagjöf til þjónustuþega og minni þörf á samskiptum við þjónustuver

# Hvað er búið að gera

- Áskorunarrammi
- Kostnaðaráætlun
- Samskipti og áætlun með teymi Hlöðunnar
- Tenging milli Hlöðunnar og MS
- Tenging milli Jira og MS
- Tæknilegt mat á samþættingu við HERU
- Samskipti við HERU teymið
- Tæknilegt mat á samþættingu við Gagnalandslagið



# Tímalína og kostnaður

- Heildarkostnaður samþættingarverkefna er 6,6 m.kr. og áætlað að verði unnið í júní – ágúst 2025.

| Samþættingarverkefni | | | | | T2 - 2025 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | klst | Dagar | Samtals | | Maí | Júní | Júlí | Ágúst |
| **Mínar síður teymi** | | | | | | | | |
| FE forritari | 72 | 9 | 648,000 | starfsmaður | | | | |
| BE forritari | 178 | 22.25 | 4,116,250 | ísl. verktaki | | | | |
| QA | 43 | 5.375 | 994,375 | erl. verktaki | | | | |
| Teymisstjóri | 72 | 9 | 648,000 | starfsmaður | | | | |
| Tæknistjóri | 8 | 1 | 72,000 | starfsmaður | | | | |
| Arkitekt | 8 | 1 | 72,000 | starfsmaður | | | | |
| | | | | | | | | |
| | | **Samtals** | **6,550,625** | | | | | |

# Niðurbrot á verkefnum

**Samþætting við Hlöðuna**

| | klst | Dagar | Samtals |
|---|---|---|---|
| | | | |
| **Mínar síður teymi** | | | |
| FE forritari | 40 | 5 | 360,000 |
| BE forritari | 8 | 1 | 185,000 |
| QA | 9 | 1.125 | 208,125 |
| Teymisstjóri | 36 | 4.5 | 324,000 |
| | | | |
| | | **Samtals** | **1,077,125** |

**Samþætting við Gagnalandslagið**

| | klst | Dagar | Samtals |
|---|---|---|---|
| | | | |
| **Mínar síður teymi** | | | |
| BE forritari | 40 | 5 | 925,000 |
| QA | 8 | 1 | 185,000 |
| Teymisstjóri | 12 | 1.5 | 108,000 |
| Tæknistjóri | 8 | 1 | 72,000 |
| Arkitekt | 8 | 1 | 72,000 |
| | | | |
| | | **Samtals** | **1,362,000** |

**Samþætting við Jira**

| | klst | Dagar | Samtals |
|---|---|---|---|
| | | | |
| **Mínar síður teymi** | | | |
| FE forritari | 24 | 3 | 216,000 |
| BE forritari | 80 | 10 | 1,850,000 |
| QA | 10 | 1.25 | 231,250 |
| Teymisstjóri | 16 | 2 | 144,000 |
| | | | |
| | | **Samtals** | **2,441,250** |

**Samþætting við HERU**

| | klst | Dagar | Samtals |
|---|---|---|---|
| | | | |
| **Mínar síður teymi** | | | |
| FE forritari | 8 | 1 | 72,000 |
| BE forritari | 50 | 6.25 | 1,156,250 |
| QA | 16 | 2 | 370,000 |
| Teymisstjóri | 8 | 1 | 72,000 |
| | | | |
| | | **Samtals** | **1,670,250** |

# Ábatamat



## Ómælanlegt og mælanlegt miðað við 1 ár

**Mælanlegur ábati**
- Umhverfisáhrif Nei
- Tímasparnaður 331 klst
- Kostar minna Nei
- Fækkar kærum Nei
- Samrekstur Nei

**Samtals:**
- Sparnaður 3 m.kr. á ári

**Kostnaður**
- 6,6 m.kr í þróunarkostnað sem greiðist upp á 2,5 árum m.v. gefnar forsendur

**Ómælanlegur ábati**

- Aukin starfsánægja og skemmtilegri verkefni
- Minnkað álag á þjónustuver
- Kvikari upplýsingagjöf til þjónustuþega
- Greiningarbær gögn úr formum
- Forsenda áframhaldandi samþættingar MS við önnur kerfi

**Samantekt á heildarávinningi/niðurstaða**

- Mjög hagkvæmt er að fara í verkefnið
- Þjónustuþegi getur fylgst með stöðu þeirra mála sem sendast beint í kerfi
- Minni óánægja og tímasparnaður starfsfólks við handskráningu innsendra forma úr pósthólfi í annað kerfi
- Sparnaður yfir 12 mánaða tímabil jafngildir 1,5 mánuði í vinnu fyrir 1 starfsgildi
- Rekjanleiki forma/umsókna



# Ákvörðun verkefnaráðs



- Óska eftir fjármögnun uppá 6,6 millj. kr. fyrir þróunarteymi til þess að vinna að samþættingarverkefnum á Mínum síðum





Reykjavík

# Mínar síður – Formasmiður sem vara

Eigandi: Arna Ýr Sævarsdóttir

Stafrænn leiðtogi: Búi Bjarmar Aðalsteinsson

Vörustjóri: Dagrún Ósk Jónasdóttir



# Í hnotskurn

- Formasmiður er tól þar sem hægt er að smíða form fyrir Mínar síður á einfaldan og fljótlegan máta.
- Formasmiður er tól sem nýtist fyrir öll svið.
- Uppsetning formasmiðs gerir ekki ráð fyrir notkun utan við þróunarteymi MS í dag.
- Þörf er á að greina framtíð og tækifæri sem felast í formasmiðnum.



# Ákvörðun verkefnaráðs

- Óska eftir fjárheimild fyrir nauðsynlegum endurbótum á formasmið. Um er að ræða vöruhönnun og forritun.
- Óska eftir þjónustuhönnuði fyrir greiningu á formasmið sem vöru og framtíð hans.
- Óska eftir fjármögnun uppá 6 m.kr. fyrir greiningu og endurbótum.







# Áskorun

## Núverandi staða

- Formasmiður er sérsmíðað tól notað til að smíða form fyrir Mínar síður
- Notað til að yfirfæra öll einföld form af Rafrænni Reykjavík yfir á Mínar síður
- Notað til að smíða 30 ný form
- Í dag eru 2 starfsmenn í hugbúnaðarþróun sem sjá um að setja upp ný form
- Tólið býr yfir hnökrum, sem ekki hefur verið forgangsraðað að laga vegna annarra verkefna
- Forritarar vinna í efnisvinnu, textagerð og uppsetningu sem krefst ekki forritunar

## Lausn

- Greining á framtíð og tækifærum formasmiðs, að finna markhópa og sjá hverjir gætu nýtt hann
- Greining á mögulegum samlegðaráhrifum milli formasmiðs og samstarfs við island.is
- Endurbætur á formasmið svo að notkun á tólinu verði skilvirkari og notendavænni

## Ábati

- Miðlægt verkfæri sem önnur svið geta nýtt
- Aukin sjálfsafgreiðsla á sviðunum
- Tímasparnaður starfsfólks í hugbúnaðarþróun
- Skilvirkari upplýsingamiðlun
- Beinn launakostnaður af skilvirkari uppsetningu formasmiðsins væri ca. 5,2 millj. kr. (Rvk starfsmenn), 14,4 millj kr. (verktakar)

# Hvað er búið að gera

- Áskorunarrammi
- Formasmiður í virkni í 4 ár
- Búið að yfirfæra öll form úr Rafrænni Reykjavík
- Búið að setja upp 30 ný form með formasmið
- Kostnaðaráætlun
- Ábatamat hafið (um er ræða stærra verkefni)
- Mótun framtíðar fyrir Mínar síður
- Byrjað að huga að formum á MS í gjaldskrá
- Óska eftir upplýsingum frá sviðunum um frekari notkun á formum á MS



# Tímalína og kostnaður

- Kostnaður nauðsynlegra endurbóta á formasmið er 5,4 m. kr. og er áætlað að verði unnið í júní – júlí.

| Endurbætur á formasmið | | | | | T2 - 2025 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | klst | Dagar | Samtals | | Maí | Júní | Júlí |
| **Mínar síður teymi** | | | | | | | |
| Hönnuður | 40 | 5 | 360,000 | starfsmaður | | | |
| FE forritari | 160 | 20 | 2,200,000 | erl. verktaki | | | |
| BE forritari | 72 | 9 | 1,665,000 | ísl. verktaki | | | |
| QA | 40 | 5 | 925,000 | erl. verktaki | | | |
| Teymisstjóri | 24 | 3 | 216,000 | starfsmaður | | | |
| | | | | | | | |
| | | **Samtals** | **5,366,000** | | | | |

# Tímalína og kostnaður

- Fyrsti fasi snýr að greiningu á framtíð formasmiðs, ásamt nauðsynlegum endurbótum. Greiningarvinnan er áætluð sem 1 vika og kostnaður 648 þús.kr.

| Greining á framtíð formasmiðs | | | |
|---|---|---|---|
| | klst | Dagar | **Samtals** |
| | | | |
| Þjónustuhönnuður | 56 | 7 | - |
| Vörustjóri | 40 | 5 | 360,000 |
| Teymisstjóri | 16 | 2 | 144,000 |
| Tæknistjóri | 8 | 1 | 72,000 |
| Arkitekt | 8 | 1 | 72,000 |
| | | | |
| | | **Samtals** | **648,000** |

# Ábatamat




## Ómælanlegt og mælanlegt miðað við 1 ár

**Mælanlegur ábati**

- Umhverfisáhrif Nei
- Tímasparnaður 518 klst
- Kostar minna Nei
- Fækkar kærum Nei
- Samrekstur Já

**Samtals:**

- 5,2 m.kr. RVK starfsf.
- 14,4 m.kr. verktaka

**Kostnaður**

- 6 m.kr í þróunar- og greiningarkostnað sem greiðist upp á 1,5 ári m.v. gefnar forsendur

**Ómælanlegur ábati**

- Tímasparnaður starfsfólks í hugbúnaðarþróun og forgangsröðun annarra verkefna
- Sjálfsafgreiðsla á sviðunum við að setja upp ný form
- Minni viðbragðstími á sviðunum við textagerð og efnisuppsetningu
- Bætt ímynd

**Samantekt á heildarávinningi/niðurstaða**

- Hagkvæmt er að fara í verkefnið, ef við gerum ráð fyrir að niðurstaða greiningarvinnu felist í uppsetningu formasmiðs á öðrum sviðum
- Sparnaður yfir 12 mánaða tímabil jafngildir tæpum 4 mánuðum í vinnu fyrir 1 starfsgildi
- Kostnaðurinn er mikill núna en á 5 ára tímabili sjáum við að verkefnið borgar sig



# Ákvörðun verkefnaráðs



- Óska eftir fjárheimild fyrir nauðsynlegum endurbótum á formasmið. Um er að ræða vöruhönnun og forritun.
- Óska eftir þjónustuhönnuði fyrir greiningu á formasmið sem vöru og framtíð hans.
- Óska eftir fjármögnun uppá 6 m.kr. fyrir greiningu og endurbótum.





Reykjavík

# Mínar síður - hreyfingaryfirlit

Eigandi: Bjarki Rafn Eiríksson

Vörustjóri: Dagrún Ósk Jónasdóttir

Stafrænn leiðtogi: Erna Kristjánsdóttir



# Í hnotskurn

- Verkefnið snýr að því að bæta aðgengi að hreyfingaryfirlitum fyrir einstaklinga, eigendur og rekstaraðila sem hafa greitt fyrir þjónustu Reykjavíkurborgar.
- Yfirlitin verða aðgengileg á auðveldan og stafrænan hátt á Mínum síðum og er því um að ræða aukna sjálfsafgreiðslu og aukið aðgengi að upplýsingum.
- Ferlið í dag er að fullu handunnið af starfsmönnum innheimtu sem geta sinnt betur verðmætari verkefnum.



# Ákvörðun verkefnaráðs

- Óskað er eftir fjármögnun uppá 2,1 m. kr. fyrir þróunarteymi til að gera hreyfingaryfirlit aðgengileg á Mínum síðum.







# Áskorun

Það er mikil vinna hjá innheimtunni að afgreiða hreyfingaryfirlit sem við viljum setja í sjálfsafgreiðslu á Mínum síðum.

## Núverandi staða

- Þjónustuþegar þurfa að óska eftir hreyfingayfirlitum hjá starfsmönnum í gegnum netfang, að mestu, en einnig símtöl eða heimsóknir.
- Um er að ræða um 200 yfirlit á ári sem sinnt er af innheimtu FAS.

## Lausn

- Að þjónustuþegi geti sjálfur sótt upplýsingar á Mínum síðum.
- Umboðslausn island.is gerir fyrirtækjum kleift að hægt er að veita starfsmönnum umboð til að sækja hreyfingayfirlit fyrir hönd fyrirtækisins.

## Ábati

- Sjálfsafgreiðsla þjónustuþega.
- Tímasparnaður starfsfólks.
- Heildarábati felst í 1 starfsgildi á ári hjá innheimtu sem getur sinnt öðrum mikilvægari störfum.

# Hvað er búið að gera

**Dæmi:**

- Jafnréttisskimun og áskorunarrammi
- Kostnaðaráætlun frá Mínum síðum
- API tenging við Agresso
- Samskipti við þjónustuveitendur



# Tímalína og kostnaður

- Kostnaður verkefnis er 2,1 m. kr. og er áætlað að verði unnið maí – júní.
- Um er að ræða útfærslu á fyrsta fasa verkefnis, MVP.

| | | | | | T2 - 2025 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | klst | Dagar | **Samtals** | | **Apr** | **Maí** | **Júní** |
| **Mínar síður teymi** | | | | | | | |
| Hönnuður | 24 | 3 | 216,000 | starfsmaður | | | |
| FE forritari | 56 | 7 | 504,000 | starfsmaður | | | |
| BE forritari | 40 | 5 | 925,000 | ísl. verktaki | | | |
| QA | 16 | 2 | 370,000 | erl. verktaki | | | |
| Teymisstjóri | 12 | 1.5 | 108,000 | starfsmaður | | | |
| | | | | | | | |
| | | **Samtals** | **2,123,000** | | | | |

# Útfærsla MVP







Fjárhagsupplýsingar notenda er ný síða sem birtir hreyfingayfirlit, gjöld og greiðslustillingar

Hreyfingayfirlit er útfært á einfaldan hátt þar sem slegið er inn það tímabil sem óskað er eftir, upplýsingar sóttar úr Agresso og birtar á excel skjali sem notandi getur hlaðið niður.

Hreyfingayfirlitið er mikilvægur partur fyrir korta- og boðgreiðslu verkefni MS. Þá munu notendur geta greitt fyrir þjónustu á Mínum síðum og þar af leiðandi séð allar hreyfingar í hreyfingayfirlitinu.

# Ábatamat




Ómælanlegt og mælanlegt miðað við 1 árs tímabil

**Mælanlegur ábati**
- Umhverfisáhrif 0 KG
- Tímasparnaður 1702 klst
- Kostar minna 0 kr
- Fækkar kærum 0 fjöldi
- Samrekstur nei

**Samtals:**
- Hagræðing sem nemur einu stöðugildi á ári = 18 m.kr.

**Kostnaður**
- 2,1 m.kr í þróunarkostnað

**Ómælanlegur ábati**

- Starfsánægja
- Bætt ímynd
- Ánægja borgarbúa

**Samantekt á heildarávinningi/niðurstaða**

- Mjög hagkvæmt er að fara í verkefnið.
- Þjónustuþegi getur afgreitt sig sjálfur að fullu.
- Minni óánægja hjá starfsfólki við að reyna að leysa úr flóknum beiðnum um yfirlit.
- Skýr þáttur í stafrænni vegferð.



# Ákvörðun verkefnaráðs

- Óskað er eftir fjármögnun uppá 2,1 m. kr. fyrir þróunarteymi til gera hreyfingaryfirlit aðgengileg á Mínum síðum.







Reykjavík

# Tímalína og kostnaður

- Heildarkostnaður samþættingarverkefna er 6,6 m.kr. og áætlað að verði unnið í júní – ágúst 2025.

| Samþættingarverkefni | | | | | T2 - 2025 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | klst | Dagar | Samtals | | Maí | Júní | Júlí | Ágúst |
| **Mínar síður teymi** | | | | | | | | |
| FE forritari | 72 | 9 | 648,000 | starfsmaður | | | | |
| BE forritari | 178 | 22.25 | 4,116,250 | ísl. verktaki | | | | |
| QA | 43 | 5.375 | 994,375 | erl. verktaki | | | | |
| Teymisstjóri | 72 | 9 | 648,000 | starfsmaður | | | | |
| Tæknistjóri | 8 | 1 | 72,000 | starfsmaður | | | | |
| Arkitekt | 8 | 1 | 72,000 | starfsmaður | | | | |
| | | | | | | | | |
| | | **Samtals** | **6,550,625** | | | | | |

# Niðurbrot á verkefnum

| Samþætting við Hlöðuna | | | |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | klst | Dagar | Samtals |
| **Mínar síður teymi** | | | |
| FE forritari | 40 | 5 | 360,000 |
| BE forritari | 8 | 1 | 185,000 |
| QA | 9 | 1.125 | 208,125 |
| Teymisstjóri | 36 | 4.5 | 324,000 |
| | | | |
| | | **Samtals** | **1,077,125** |

| Samþætting við Gagnalandslagið | | | |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | klst | Dagar | Samtals |
| **Mínar síður teymi** | | | |
| BE forritari | 40 | 5 | 925,000 |
| QA | 8 | 1 | 185,000 |
| Teymisstjóri | 12 | 1.5 | 108,000 |
| Tæknistjóri | 8 | 1 | 72,000 |
| Arkitekt | 8 | 1 | 72,000 |
| | | | |
| | | **Samtals** | **1,362,000** |

| Samþætting við Jira | | | |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | klst | Dagar | Samtals |
| **Mínar síður teymi** | | | |
| FE forritari | 24 | 3 | 216,000 |
| BE forritari | 80 | 10 | 1,850,000 |
| QA | 10 | 1.25 | 231,250 |
| Teymisstjóri | 16 | 2 | 144,000 |
| | | | |
| | | **Samtals** | **2,441,250** |

| Samþætting við HERU | | | |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | klst | Dagar | Samtals |
| **Mínar síður teymi** | | | |
| FE forritari | 8 | 1 | 72,000 |
| BE forritari | 50 | 6.25 | 1,156,250 |
| QA | 16 | 2 | 370,000 |
| Teymisstjóri | 8 | 1 | 72,000 |
| | | | |
| | | **Samtals** | **1,670,250** |

# Tímalína og kostnaður

- Kostnaður nauðsynlegra endurbóta á formasmið er 5,2 m. kr. og er áætlað að verði unnið í júní – júlí.

| Endurbætur á formasmið | | | | | T2 - 2025 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | klst | Dagar | Samtals | | Maí | Júní | Júlí |
| **Mínar síður teymi** | | | | | | | |
| Hönnuður | 40 | 5 | 360,000 | starfsmaður | | | |
| FE forritari | 160 | 20 | 2,200,000 | erl. verktaki | | | |
| BE forritari | 72 | 9 | 1,665,000 | ísl. verktaki | | | |
| QA | 40 | 5 | 925,000 | erl. verktaki | | | |
| Teymisstjóri | 24 | 3 | 216,000 | starfsmaður | | | |
| | | | | | | | |
| | | **Samtals** | **5,366,000** | | | | |

# Tímalína og kostnaður

- Fyrsti fasi snýr að greiningu á framtíð formasmiðs, ásamt nauðsynlegum endurbótum. Greiningarvinnan er áætluð sem 1 vika og kostnaður 648 þús.kr.

| Greining á framtíð formasmiðs | | | |
|---|---|---|---|
| | klst | Dagar | **Samtals** |
| | | | |
| Þjónustuhönnuður | 56 | 7 | - |
| Vörustjóri | 40 | 5 | 360,000 |
| Teymisstjóri | 16 | 2 | 144,000 |
| Tæknistjóri | 8 | 1 | 72,000 |
| Arkitekt | 8 | 1 | 72,000 |
| | | | |
| | | **Samtals** | **648,000** |

# Tímalína og kostnaður

- Kostnaður verkefnis er 2,1 m. kr. og er áætlað að verði unnið maí – júní.
- Um er að ræða útfærslu á fyrsta fasa verkefnis, MVP.

| | | | | | T2 - 2025 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | klst | Dagar | **Samtals** | | **Apr** | **Maí** | **Júní** |
| **Mínar síður teymi** | | | | | | | |
| Hönnuður | 24 | 3 | 216,000 | starfsmaður | | | |
| FE forritari | 56 | 7 | 504,000 | starfsmaður | | | |
| BE forritari | 40 | 5 | 925,000 | ísl. verktaki | | | |
| QA | 16 | 2 | 370,000 | erl. verktaki | | | |
| Teymisstjóri | 12 | 1.5 | 108,000 | starfsmaður | | | |
| | | | | | | | |
| | | **Samtals** | **2,123,000** | | | | |